



## Samstarfssamningur

milli Leikskólans Hnoðrabóls og Grunnskóla Borgarfjarðar Kleppjárnsreykjadeild:

Gbf Kleppjárnsreykjum og Leikskólinn Hnoðraból gera samstarfssamning sem byggir á eftirfarandi markmiðum:

- Að styrkja og efla leik- og grunnskóla
- Að kennarar kynni sér starfsemi hvors annars
- Að gera samvinnuna á milli skóla markvissari

Þessum markmiðum teljum við að verði náð með því að vinna eftir eftirfarandi skipulagi:

- Skólahópur leikskólanemenda á samstarf við 5.bekk grunnskólans, sem tekur á móti þeim sem vana-og samstarfsbekkur, kynni fyrir þeim skólann og starfið og vinnur að fyrirfram ákveðnum verkefnum sem kennarar beggja deilda vinna að í samvinnu.
- Skólahópur leikskólans heimsækir grunnskólann allt að sjö sinnum á skólaárinu samkvæmt samstarfsáætlun sem unnin er á samstarfsfundum í ágúst og janúar.
- Kennarar ákvarða heimsóknardaga þannig að hægt sé að kynna þá vel fyrir starfsfólki skóla.
- Hver heimsókn stendur í 80 mínútur eða tvær kennslustundir.
- Af þessum 7 heimsóknum er áætlað að foreldrar leikskólabarna fái einu sinni boð um að koma með þeim í skólann og fylgjast með því starfi sem undirbúið hefur verið og unnið að. Einnig fái þeir almenna kynningu á skólanum.
- Leikskólabörn fá að taka þátt í íþróttatíma með það að markmiði að undirbúa þau og fara yfir þær reglur og venjur sem gilda í íþróttahúsinu og búningsklefum.
- Lokaheimsóknin er fólgin í því að leikskólahópurinn fær að koma í skólann með skólabílum og er heilan dag með nemendum yngsta stigsins og tekur þátt í venjubundnum skóladegi .

f.h. Leikskólans Hnoðrabóls

F.h. Gbf. Kleppjárnsreykjum

---

Sjöfn G. Vilhjálmsdóttir

---

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir